

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 552 9899, 563 0325, 563 0300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

3. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 10. janúar 1997 og hófst hann kl. 14:00

Formaður setti fund og bauð fólk velkomið.

Mætt voru:

Birgir Sigurjónsson, Halldór Gunnarsson, Sigbjörn Björnsson, Guðbrandur Kjartansson, Sigríður Sigþórsdóttir, Haraldur Þórarinsson, Sigurður Ragnarsson og Sigurður Þórhallsson.

## 1. Málefni Dómarafélags L.H.

Til viðræðna við stjórn L.H. voru mættir Þormar Ingimarsson formaður Dómarafélags L.H. og Guðni Jónsson stjórnarmaður þess.

Þormar kynnti starfsemi félagsins svo sem menntunarmál, námskeiðahald og dómstörf.

Hugmyndir eru uppi um að fá Hólaskóla í Hjaltadal til að annast námskeiðahald og menntun dómara. Stjórn L.H. líst vel á þessar hugmyndir Dómarafélagsins og telur sjálfsagt að styðja félagið í þessu máli eftir því sem aðstæður leyfa.

Þá var rædd fjárhagsáætlun DFLH fyrir árið 1997, sem gerir ráð fyrir gjöldum að upphæð kr. 160.000.- Þessi útgjöld félagsins eru vegna námskeiðahalds og greiðslu vegna ritistarstarfa fyrir væntanlega kennslu og uppflethibókar fyrir dómara.

Þessi upphæð er sú sama og gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun L.H. fyrir árið 1997 til Dómarafélagsins. Í lok umræðunnar var ákveðið að stjórn L.H. skipi þriggja manna vinnuhóp sem vinni að því að ræða við stjórnendur Hólaskóla um menntunarmál dómara. Í vinnuhópnum verði fulltrúar frá eftirtöldum aðilum: Stjórn L.H., Dómarafélagi L.H. og Félagi tamningamanna. Sigurði falið að rita félögunum bréf og óska tilnefninga í vinnuhópinn sem skili niðurstöðum til stjórnar L.H. fyrir 31. maí n.k.

Á fundinum tilnefndi stjórnin Halldór Gunnarsson sem sinn fulltrúa.

Sigurði falið að kalla vinnuhópinn saman þegar henta þykir.

Formaður þakkaði Þormari og Guðna komuna og óskaði félaginu velfarnaðar.

## 2. Tilnefning fulltrúa L.H. í æskulýðsnefnd L.H. og HÍS.

Stjórn L.H. tilnefnir eftirtalda í æskulýðsnefnd L.H. og HÍS.

Daniel Gunnarsson, Gusti.

Ragnheiði Júlíusdóttur, Mána.

Örnu Kristjánsdóttur, Fáki.

Varamenn:

Huldu Sigurðardóttur, Funa

Sigurveigu Stefánsdóttur, Dreyra.

HÍS tilnefnir two fulltrúa í nefndina.

**3. Þingskjal nr. 17 frá 47. ársþingi.**

Á ársþinginu í Reykjanesbæ var samþykkt að stjórn L.H. efni til fundar um breytingar mótauhalds með þarfir og óskir áhorfenda í huga.

Málið var rætt og ákveðið að fela mótanefnd L.H. framkvæmd fundarins í samstarfi við hestamannafélögin Létti og Funa. Óskað verður eftir að öll hestamannafélögin innan L.H. sendi fulltrúa á þennan mótafund. Dagsetning fundarins var ákveðin 26. apríl n.k. og verður hann haldinn á Akureyri og er hann öllum félögum í L.H. opinn.

Sigurði falið að senda fundarboð til hestamannafélaganna í samráði við formann mótanefndar L.H. Sigbjörn Björnsson.

**4. Ýmis uppgjörsmál og staða þeirra.**

Sigurður Pórhallsson gerði grein fyrir ýmsum uppgjörsmálum og stöðu þeirra. Þessi mál varða m.a. samstarf L.H. og HÍS, hvað viðkemur nefndarstörfum og öðru sem snertir samstarf þessara samtaka. Gert er ráð fyrir að reikningar L.H. fyrir árið 1996 verði tilbúnir í lok janúar eða fyrir ársþing HÍS sem haldið verður í byrjun febrúar. Í umfjöllun um þessi mál kom fram að húsaleiga L.H. í Bændahöll vegna reksturs skrifstofunnar hefur hækkað nokkuð. Sigurður Pórhallsson mun leita leiða til þess að þessi hækkan verði mun minni en til stendur hjá Bændasamtökum Íslands.

**5. Kynning á útsendum og aðsendum bréfum.**

Sigurður kynnti og dreifði afritum af ýmsum bréfum sem send hafa verið og eins bréf sem borist hafa.

A) Bréf til HÍS varðandi sameiningarmál og nefndarskipun þar að lútandi. dags. 2. janúar 1997.

B) Bréf til Þingvallanefndar-Skógarhóla hvað varðar leigusamning um Skógarhóla dagsett 3. desember 1996, og 26. júlí 1996. Uppbygging er í gangi á Skógarhólum.

C) Birgir kynnti bréf frá Sigurði Magnússyni þar sem hann gerir athugasemdir við fundargerð stjórnar L.H. frá 6. des. s.l.

Nokkur umræða varð um bréf Sigurðar og var formanni L.H. falið að rita honum svarbréf og fylgja því eftir með persónulegu viðtali við hann.

D) Bréf frá HÍS 10. janúar 1997 þar sem L.H. er tjáð að HÍS skipi fulltrúa í sameiningarnefndina eftir ársþing HÍS sam haldið verður í byrjun febrúar.

Umræða fór fram um málefni Skógarhóla. Gert er ráð fyrir að málefni Skógarhóla komi inn á stjórnarfund sem sér dagskráliður sem fyrst.

**6. Áningarálfasjóður.**

Sigurður gerði grein fyrir þessu máli. Tekjur áningarálfasjóðs frá FM '96 á Gaddstaðaflötum eru kr. 294.753.-

## 7. Önnur mál.

- A. Sigríður ræddi um að sækja um styrk frá Ferðamálaráði til umhverfisbóta á ferðamannastöðum. Stjórnin felur Sigríði að kanna þetta frekar og sækja um styrk til úrbóta fyrir umferð hestamanna þar sem hentugt þykir t.d. á áningarástöðum.
- B. Sigbjörn minnti á reglugerð um notkun lyfja og meðferð á sýningar- og keppnishrossum sem út kom 2. des. s.l. Stjórnin felur Sigurði að senda formönnum hestamannafélaga og Félagi tamningamanna hana til upplýsinga einnig að hann óski eftir því við Eiðfaxa og Hestinn okkar að birta reglugerðina í heild.
- C. Á 2. fundi stjórnar L.H. lögðu þau Birgir Rafn, Guðbrandur og Sigríður til sbr. niðurstöður frá 1. fundi varðandi afgreiðslu þingskjals nr. 16 að leitað yrði til umboðsmanns Alþingis varðandi réttarstöðu hestamanna gagnvart reiðvegamálum.  
Leita má þangað með sérstök klögumál. Varðandi almenna réttarstöðu var samþykkt að leita til ORATORS til að byrja með.  
Varðandi brot á skipulagsmálum skal leita til Félagsmálaráðuneytis með sér mál.
- D. Haraldur Þórarinsson óskaði að eftirfarandi yrði bókað:  
“Nefnd sem skipuð var á ársþingi L.H. í Garðabæ í okt. 1995 og fékk það verkefni að finna leiðir til að mynda ein samtök hestamanna í landinu, var þingkjörin og heyrði því á engan hátt undir stjórn L.H. einungis ársþing samtakanna.  
Hins vegar vildi nefndin eiga gott samstarf við stjórnir beggja samtakanna og ætlaðist til að þær kæmu að lokaþætti verkefnisins þ.e. yfirfara drögin og koma með spurningar og athugasemdir.  
Gekk sá þáttur vel eins og sést á fundargerðum frá 10. maí, 29. maí og 13. júní.  
Þá ætlaðist nefndin til að stjórnir L.H. og HÍS sæu um kynningu á lagadrögunum. Nefndin marg tók fram að kynningin væri einn veigamesti þáttur þessa verkefnis.  
18. júní senda stjórnir heildarsamtakanna öll gögn út til hlutaðeigandi aðila til kynningar og ákvæðið er að í lok ágúst og byrjun septembermánaðar fari fram haldgóð kynning á öllum landsfjórðungum. Þrátt fyrir þessa ákvörðun fyrrverandi stjórnar L.H. og þá staðreynd að hún fól formanni sínum á 6. fundi sínum 2. júlí 1996 að ræða væntanlega kynningu við HÍS gerðist ekkert í málinu.  
Hins vegar ætlaði nefndin ekki að láta gera sig ómerka gagnvart þingi L.H. sem kaus hana til verksins og fór því af stað með kynninguna af illri nauðsyn.  
Lýsti stjórn HÍS sig samþykka þessari kynningu enda farið í einu og öllu eftir þeim drögum sem lágu fyrir hjá stjórnum L.H. og HÍS.  
Varðandi kostnaðarreikning Sigurðar Magnússonar vísast til bréfs hans til stjórnar L.H. Það er svo umhugsunarefni fyrir hinn almenna félagsmann sem leggur á sig ómælda vinnu og kostnað að fyrrverandi stjórn L.H. með einn og hálfan starfskraft á launum hafi ekki tekist að klára sinn þátt á réttum tíma.  
Kaus hún heldur að eyða sínum tíma í að agnúast út í sameiningarnefndina og hennar störf eins og fyrrnefnd bókun ber með sér”.

Engar umræður fóru fram á fundinum um þessa bókun enda liðið mjög á fundartímann, þegar hún var kynnt.

- E) Dagskrárlíðnum - Nefndarstörf og starfslýsingar var frestað.
- F) Stjórnin ákvað að í upphafi stjórnarfunda verði fundargerð síðasta fundar "samþykkt" þ.e. stjórnarmenn geti komið fram með athugasemdir ef þeir óska.

Fleira ekki fært til bókar.

Halldór Gunnarsson  
Birgir Sigurjónsson  
Sigríður Sigþórsdóttir

Sigurður Ragnarsson  
Sigbjörn Björnsson  
Haraldur Þórarinsson